

# Fundargerð

<b>Fundarefni:</b>	11. Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla
<b>Dags.:</b>	3. febrúar 2015
<b>Fundarmenn:</b>	Guðni Björnsson, Erlingur Snær Erlingsson, Íris Lena Leósdóttir, Karl Einarsson, Ólafur Guðlaugsson Sigurður Grétarsson
<b>Fjarverandi:</b>	Hólmfríður Einarsdóttir, Kristín Stefánsdóttir
<b>Ritað af:</b>	Íris Lena Leósdóttir

## 1. Fundur settur

- Guðni setti fundinn kl. 18:13

## 2. Fundargerð síðasta fundar

- Samþykkt

## 3. Síðasti fulltrúaráðsfundur

- Ágætis mæting, nær full setið í kennarastofunni. Kokkurinn, húsvörður og skólaliðar mættu með erindi. Góð umræða og gott innlegg. Gott að halda áfram á þessari braut á næstu fulltrúaráðsfundum.
- Hópvavinna tókst vel, ýmsar hugmyndir komu fram um bekkjarkvöld. Mikil jákvæðni gagnvart því að halda Alþjóðadag sem væri hægt að halda í mars, apríl eða maí. Umræða um foreldrarölt, markaðsdag, samfélagsmiðla, gjafalaus afmæli, Þórsmurkurferð 10. bekkjar næsta haust ofl.

## 4. Fjármálin og félagsgjöld

- Staða góð, greiðsluseðlar sendir í heimabanka foreldra, eitt gjald á heimili óháð fjölda barna.

## 5. Foreldrafræðsla í febrúar

- Heimili og skóli tilbúið með fyrirlestur um snjalltækjanotkun barna. Dagsetning 12. feb ef salur og fyrirlesari eru laus, Guðni athugar og gerir auglýsingu.

## 6. Markaðstorg Álfhólsskóla

- Ákveða þarf dagsetningu 28. feb eða 7. mars, Ragnheiður, Rakel og Guðrún eru í nefndinni, mæta kl. 19:30 í kvöld á fyrsta fund ásamt Guðna. Erlingur verður tengiliður stjórnar við nefndina.

## 7. Önnur mál

- Foreldrarölt - umræða um stöðu.
- Umræða um kostnað barna fyrir hádegismat, pólitískt mál sem þarf að leysa annars staðar.
- Páskabingó gæti verið 29. mars
- Danmerkurferð í dönskukennslu. Óskað eftir styrk fyrir ferð 4 foreldra og 20 nemenda til Danmerkur. Foreldrafélagið hefur ekki styrkt slíkar ferðir, getur ekki lagt til beinan fjárstyrk til hópsins en getur aðstoðað á annan máta t.d. bent á tækifæri til fjáröflunar á markaðsdegi.
- Skólaráð óskar eftir fulltrúa stjórnar foreldrafélagsins við dægradvöl. Hvað felst í þessu hlutverki? Íris gæti hugsanlega tekið þetta að sér, fer eftir umfangi.

## 8. Fundi slitið

Guðni sleit fundi kl. 19:37